

- 86** Helztu útlutningsvörur frá Sovétríkjunum verða brennsluoliur, benzín, korn-
9. des. vörur, sement, steypustyrktarjárn, járnþípur, aðrar vörur úr járni, timbur, koks og kol.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

- 87**
9. des.

AUGLÝSING

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 24. september 1955 var undirritað í Prag samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu á tímabilinu 1. september 1955 og 31. ágúst 1956.

Samkomulag þetta er gert í samræmi við ákvæði viðskipta- og greiðslusamningsins við Tékkóslóvakíu frá 31. ágúst 1954 (Stj.tíð., A. 86/1954).

Gert er ráð fyrir, að Íslendingar selji til Tékkóslóvakíu á tímabilinu 8 þúsund tonn af frystum fiski, 1 þúsund tonn af sild auk landbúnaðarafurða og niðursoðinna fiskafurða.

Til Íslands er gert ráð fyrir innflutningi m. a. í járn- og stálvörum, vefnaðarvörum, skófatnaði, bifreiðum, vélum, gleri og glervörum, sykri, sementi o. fl.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

- 88**
9. des.

AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Íslands og Kúbu.

Hinn 3. október 1955 var undirritaður í Washington viðskiptasamningur milli Íslands og Kúbu.

Samkvæmt samningnum skuldbinda bæði löndin sig til að veita hvort öðru beztu kjör að því er snertir tolla og önnur aðflutningsgjöld af vöruinnflutningi frá hinu landinu.

Í samningnum er enn fremur gert ráð fyrir því, að Íslendingar kaupi stráskykur og nokkrar aðrar vörutegundir frá Kúba, en selja þangað saltfisk, lýsi o. fl. íslenskar afurðir.

Samningurinn gildir til 3. október 1958, nema honum verði sagt upp, en uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.